

Samkeppnisstofnun 15. maí 2001

Tilkynning til fjölmiðla:

Verðmyndun á innfluttu grænmeti í marsmánuði

Að beiðni landbúnaðarráðherra rannsakaði Samkeppnisstofnun verðmyndun á tilteknum tegundum af innfluttu grænmeti í marsmánuði sl. Athuginin tók annars vegar til tímabilsins 1.-15. mars og hins vegar tímabilsins 16.-31. mars eftir að tollur var lagður á innflutningsverð grænmetisins.

Við rannsóknina var leitað eftir upplýsingum hjá þremur helstu innflytjendum grænmetis og 10 verslunum og verslunarkeðjum.

Samkeppnisstofnun leggur áherslu á eftirfarandi þegar niðurstöður rannsóknarinnar eru virtar:

1. Innkaupsverð á innfluttu grænmeti ræðst af verði á erlendum uppboðsmörkuðum.
2. Til skamms tíma litið getur innkaupsverð sveiflast mjög mikið.
3. Algengt er að innflytjendur kaupi inn sömu tegundir af grænmeti frá fleiri en einu upprunalandi.
4. Grænmeti er ýmist flutt til landsins með skipum eða flugvélum. Það getur haft mikil áhrif á kostnaðarverðið.
5. Vegna mismunandi skilgreiningar innflytjenda á magntengdum kostnaði og álagningu er líklegt að álagning innflutningsfyrirtækja sé ekki að öllu leyti samanburðarhæf.
6. Smásöluálagningu er ætlað að standa undir kostnaðarlið eins og rýrnun verslunarinnar sem er tiltölulega mikil á nýju grænmeti. Upplýsingar frá verslunum benda til að rýrnun geti verið 10-15% af innkaupsverði.
7. Þar eð rannsóknin nær yfir stutt tímabil er ekki unnt að draga þá ályktun að hún gefi almenna sýn á verðmyndun á innfluttu grænmeti.

Helstu niðurstöður rannsóknar Samkeppnisstofnunar eru eftirfarandi:

1. Dagleg álagning á grænmeti í smásölu sveiflaðist frá því að vera –65% til þess að vera 167%. Helstu skýringar eru væntanlega miklar sveiflur á innkaupsverði vegna erlendra verðbreytinga og álagning tolla um miðjan marsmánuð.

2. Innkaupsverð tók miklum breytingum í mánuðinum. Sem dæmi má nefna að meðal innkaupsverð á rauðri papriku á seinni helmingi marsmánaðar hjá tilteknum innflytjanda var rúmlega 100% hærra en meðalverðið í fyrri hluta mánaðarins.

Jöklasalat hjá sama aðila var hins vegar 40% ódýrara í innkaupum í seinni hluta mánaðarins en í fyrri hlutanum.

3. Misjafnt er eftir fyrirtækjum hvernig erlendur verðsveiflur endurspeglast í söliverði. Sumir innflytjendur virðast leitast við að jafna út sveiflur í innkaupsverði þannig að álagning er lág eða jafnvel neikvæð þegar innkaupsverð er óhagstætt en hærri þegar erlenda verðið er hagstæðara. Aðrir innflytjendur halda álagningu fastri sem hlutfalli af kostnaðarverði. Innkaupsverð smásala getur þá verið mjög sveiflukennt og er álagning þá stundum látin þróast í öfugu hlutfalli við innkaupsverðið.

4. Vegin meðal smásöluálagning í mars hjá einstökum verslunum á einstökum grænmetistegundum var sem hér segir í %:

Verslun:	A	B	C	D	E	F	G	H	I	J
Græn paprika	2,7	51,9	64,3	56,2	26,2	17,3	10,3	15,3	20,9	-20,4
Rauð paprika	12,7	50,4	58,0	47,5	22,3	21,2	1,8	11,3	20,6	-25,2
Tómatar	15,6	54,9	57,0	61,7	7,3	22,4	69,1	62,1	80,6	11,8
Jöklasalat	12,2	59,7	61,1	69,7	28,7	17,8	34,4	46,9	36,6	0,6

5. Vegna hinna miklu og öru sveiflna sem eru á innkaupsverðinu er erfitt að meta nákvæmlega áhrif tolla á það verð sem neytendur greiða fyrir grænmeti. Við mat á áhrifum tolla á vöruverð til neytenda verður að taka tillit til þess að tollar eru lagðir á við innflutning vörunnar og auka því innkaupskostnað og álagningarfjárhæð.

6. Nefna má ímyndað dæmi um innflutning á grænni papriku í síðari hluta marsmánaðar, þar sem forsendur taka mið af upplýsingum í könnuninni. Kostnaðarverð vörunnar þegar hún er komin í hús hjá heildsala er 500 kr. pr. kg., þar af nemur 30% verðtollur 108 kr. Miðað við 12% heildsöluálagningu og 25% smásöluálagningu er smásöliverð (án vsk) 700 kr. Ef ekki kæmi til álagningar tolla, yrði smásöliverð miðað við sömu forsendur hins vegar 549 kr. Verðhækkun vegna tolla er því ekki tollfjárhæðin sjálf, kr. 108, heldur 151 kr., eða 27,5% af verði án tolla.

7. Loks má nefna dæmi af áhrifum 7,5% verðtolls og 50 kr. magntolls pr. kg. á smásöliverð á tómtum. Gengið er út frá því að

kostnaðarverð vörunnar pr kg. sé 180 kr., þar af magntollur 50 kr. og verðtollur 8 kr., heildsöluálagning um 12% og smásöluálagning 40%. Smásöluverð yrði þá 283 kr., en 192 kr., ef tollar kæmu ekki til. Verðækkunaráhrif tolla eru því 91 kr. eða um 47,5% af verði án tolla.

8. Rannsókn Samkeppnisstofnunar á verðmyndun á innfluttu grænmeti í marsmánuði sýnir að sú hækkun sem varð á smásöluverði ýmissa grænmetistegunda í seinni hluta mánaðarins stafaði að langmestu leyti af hækkun innflutningsverðs og álagningu tolla.